

## **Skilun úrgangsolíu**

**-hvert skal skila-**

**Hjá þeim, sem verulegt magn úrgangsolíu fellur til, skal úrgangshafi hafa samband við verktaka Úrvinnslusjóðs og óska eftir því að úrgangsolía verði sótt honum að kostnaðarlausu. Til þess að svo megi verða þarf úrgangsolíuhafi að vera með geymi, sem úrgangsolíu er dælt upp úr. Lágmarksmagn sem sótt er hverju sinni er 400 lítrar. Heimilt er að telja tvær 200 lítra tunnur sem 400 lítra geymi.**

Beiðni um að olía verði sótt á SV-landi er móttækin í síma 567-7090. Upplýsingar um símanúmer vegna skila annars staðar á landinu og skilmála um gjaldfrjáls skil er að finna á [www.odr.is](http://www.odr.is) undir Olíuafgreiðsla / Móttaka úrgangsolíu. Verktaki Úrvinnslusjóðs í þessum efnum er ODR-Olíudreifing og Skeljungur í sameiningu.

**Framkvæmdin skal vera eins og að framan greinir nema ef minna fellur til en 400 lítrar á ári. Þá er hægt að skila úrgangsolíu - einnig án gjalds - til söfnunarstöðva sveitarfélaga, sem að jafnaði eru í hverju sveitarfélagi og nokkrar í Reykjavík. Í þeim tilvikum skal olían vera í lokuðum brúsum.**